



Flugslysaæfing Grímseyjarflugvelli 10.-11. maí 2019 Lokaskýrsla



Isavia
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Frá æfingastjórn	2
2	Markmið	3
3	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
3.1	Fimmtudagur 9. maí 2019	4
3.2	Föstudagur 10. maí 2019.....	4
3.3	Laugardagur 11. maí 2019.....	4
3.4	Æfingastjórn	4
3.5	Ráðgjafar	5
3.6	Þátttaka	5
3.7	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
3.8	Veður	5
3.9	Framkvæmd.....	5
3.10	Vettvangur.....	6
3.11	Myndir frá æfingunni.....	6
4	Rýni.....	7
4.1	Vettvangsrýni ráðgjafa	7
4.1.1	Aðgerðastjórn.....	7
4.1.2	Vettvangsstjórn	8
4.1.3	Björgunarstjóri.....	9
4.1.4	Aðhlyningarstjóri	9
4.1.5	Fjöldahjálp	10
4.1.6	Flutningsstjóri	11
4.1.7	Gæslustjóri.....	11
4.1.8	Leikarar og förðun	11
4.1.9	Samantekt frá lögreglu	11
4.2	Rýnifundur að lokinni æfingu	13
4.3	Samantekt lærdóms flugslysæfingarinnar.....	13
4.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	13
4.3.2	Það sem vel var gert	14
4.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	15
4.3.4	Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?	17

1 Frá æfingastjórn

Grímsey er heillandi eyja í norðri og hefur áhugi ferðamanna á eyjunni aukist jafnt og þétt síðustu ár. Litríkt fuglalíf og að komast norður fyrir heimskautsbaug laðar að, ásamt fegurð og gestrisni eyjabúa. Flugfélagið Norðlandair er með áætlunarflug til eyjunnar og nýtir áætlunarflugvöll Isavia á eyjunni.

Í upphafi undirbúnings var ljóst að það er ekki eins að skipuleggja æfingu í Grímsey og á öðrum innanlandsvöllum. Samfélagið er smátt og langt í aðkomu bjargir. Eyjaskeggjar sem heima eru, sjá því um allt viðbragð og eru því mismargir til taks hverju sinni. Flestir áttu erfitt með að vita hvort þeir yrðu til staðar eður ei þegar æfingin yrði og fáar flutningsbjargir ofan að landi gáfu kost á sér. Þetta gerði okkur erfitt um vik að koma aðkomu björgum á staðinn, en bæði Landhelgisgæslan og Björgunarsveitin Strákar gátu ekki tekið þátt að sinni og því ekki flutningsgeta báta né þyrlu á æfingunni. Björgunarsveitin Súlur mættu þó þrjú á litlum bát og gott að fá þá viðbót inni æfinguna.

Til þess að æfingin yrði þó sem gagnlegust var passað að mikilvægar bjargir kæmst í flug til að taka þátt í æfingunni og fóru því allir sem tengdust æfingunni til eyjunnar á föstudeginum og voru fram á sunnudag. Við þetta styrktist mjög tengsl á milli aðila og margt var hægt að skoða og kynna sér á þeim tíma. Til dæmis voru aðilar frá Sjúkrahúsinu á Akureyri sem fóru yfir búnað og skoðuðu vel aðstöðuna í Grímsey til að takast á við slys og tóku saman það sem þeim fannst vanta en slíka innsýn er mjög gott að fá, sérstaklega þar sem er bið eftir björgum. Reyndar var áætlunarflugi sunnudagsins flýtt úr kl. 16 í kl. 10 sem takmarkaði tíma ráðgjafa í eyjunni og var því flestu námskeiðshaldi þjappað saman á föstudag og laugardag. Gott hefði verið að hafa sunnudaginn líka enda heimamenn áhugasamir um að efla þekkingu og kunnáttu sína en áætlað er að halda fræðslu m.a. í meðferð slökkvitækja í haust. Íbúar í Grímsey eru þó vanir slíkum breytingum á tímasetningum áætlunarflugs og sveigjanlegir en því miður er þetta allt of oft og fór þarna dýrmætur tími til spillis sem nýta átti í frekari eflingu slysaveiðbragðs í eyjunni.

Æfingastjórn þakkar íbúum, viðbragðsaðilum og öðrum er komu að æfingunni kærlega fyrir góða samvinnu og ítrekar að ef það er eitthvað sem æfingastjórnin getur aðstoðað heimamenn við, að vera í sambandi.

14.06.2019

F.h. æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir, verkefnastjóri Neyðarviðbúnaðar Isavia

2 Markmið

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar.

Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum heimamanna og ráðgjafahóps.

Markmið æfingarinnar var að æfa flugslysaáætlun í Grímsey, s.s. setja á svið flugslys og vinna ferlið frá því að starfsmaður Isavia tilkynnir um slysið og þar til sjúklingar væru farnir í gegnum greiningu á söfnunarsvæði slasaðra og fluttir í ímyndaðan flutning frá eyjunni. Áhersla var á fyrstu viðbrögð heimamanna og hvernig stoðbjargir í landi gætu aðstoðað þá sem best.

3 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur hófst með fundi æfingastjórnar og seinna með fundi með öðrum tengiliðum æfingarinnar. Samskipti voru að mestu í síma og tölvupósti enda oft krefjandi að ná aðilum saman vegna staðsetningar.

Aðsetur Félagsheimilið Múli í Grímsey.

3.1 Fimmtudagur 9. maí 2019

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti kl. 10.00. Ljóst er að öll boð voru ekki að skila sér á eyjaskeggja enda eitthvað um að símanúmer vantaði á listana.

Einnig var prófað að senda á alla síma í Grímsey á föstudeginum en það var ekki heldur að skila sér þrátt fyrir tvær tilraunir, sumir fengi boðin en aðrir ekki.

Á fimmtudegi fóru ráðgjafar frá Isavia sjóleiðina til Grímsey með búnað og tæki til að hefja undirbúning vettvangs.

3.2 Föstudagur 10. maí 2019

Á föstudeginum var áætlað að flestir ráðgjafar skildu fljúga út í eyju. Í bakhöndina var að fara með skipinu frá Dalvík um morguninn en veðurspá lofaði það góðu að farið var með flugi. Breyting varð á vélakosti Norlandair en í stað þess að fara með Twin otter var farið með minni vél í tveimur hollum.

Ráðgjafar og æfingastjórn hittust síðan í Grímsey og farið yfir alla lausa enda áður en að upprifjun í skyndihjálpi hófst fyrir heimamenn. Góð aðstaða var í félagsheimilinu Múla í Grímsey og voru námskeið og fundir haldnir þar.

Um kvöldið var flugslysaæfingin formlega sett og ýmis fræðsluerindi í tengslum við hópslys og hópslysaundirbúning ásamt upplýsingum um æfingarnar framundan gerð skil.

3.3 Laugardagur 11. maí 2019

Laugardagur hófst á skrifborðsæfingum þar sem helstu stjórnendur mættu á svæðið ásamt því að aðgerðastjórn í Eyjafirði (AST) tók einnig þátt. Aðrir áhugasamir viðbragðsaðilar og íbúar í Grímsey mættu einnig til þess að fylgjast með, sem var afar ánægjulegt. Æfingarnar voru góð upphitun fyrir verklegu æfinguna eftir hádegi og varpaði ljósi á heildarmynd stjórnkerfis og flæði flugslysaáðgerða.

Eftir hádegi var komið að verklegri æfingu, boðun var samkvæmt Neyðarstig – Land ásamt því að senda boð á alla síma í Grímsey. Enn var einhver brotalöm á útsendingu á alla síma sem skoða þarf með Neyðarlínu eftir æfingu.

3.4 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá lögregluþvöllum á svæðinu, fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia.

Æfingastjórn	Hermann Karlsson	Lögreglan á Norðurlandi eystra
Æfingastjórn	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjóri	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

3.5 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason	Isavia
Ráðgjafi	Anna L. Filbert	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Hjálmar Örn Guðmarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Ingólfur Freysson	Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Jóhann Olsen	Isavia
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir	LSH
Ráðgjafi	Smári Sigurðarson	Isavia
Ráðgjafi	Soffía Helga Valsdóttir	Umsjón leikara og förðun

3.6 Þátttaka

Alls tóku um 40 aðilar þátt í æfingunni í Grímsey auk þess sem um 10-15 manns voru í Aðgerðastjórn í Eyjafirði (AST). Auk þess voru nokkrir aðilar starfandi í Samhæfingarstöðinni í Reykjavík (SST).

3.7 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Leiguflugvél frá flugfélaginu FlyNoMore með (11) sálir um borð skellur harkalega niður á braut 35 á Grímseyjarflugvelli vélin brotnar í þrjá hluta og endar austan við flugbraut, eldar loga.

3.8 Veður


Spáin fyrir helgina hafði litið ágætlega út lengi framan af en þegar á reyndi var það vetur konungur sem gastaði inn í sumarið og lagði hvíta breiðu yfir eyjuna. Snjócoma, kuldi og rok einkenndu helgina en inn á milli glitti í bláan himinn.

3.9 Framkvæmd

Framkvæmdin á laugardeginum var fyrst skrifborðsæfing og síðar verkleg æfing. Tímaáætlanir riðluðust vegna flugs á völlinn en sökum smæðar samfélagsins var hægt að gera það án mikilla fórna. Æfingastjórn vissi að það væri ekki áætlunarflug þennan dag og átti því ekki von á flugi og yfirsást að gefa út NOTAM fyrir völlinn eins og venja er, sem hefði verið betra enda væri þá hægt að vinna æfingarnar hratt og vel. Þarna kom einnig í ljós þær aðstæður varðandi flugsamgöngur sem eyjaskeggjar búa við en þeir vita oft ekki hvenær von er á vélum en taka á móti þeim engu að síður um leið og kallið kemur.

3.10 Vettvangur

Vettvangur var við norðurenda brautar og var þrískiptur.




3.11 Myndir frá æfingunni

Myndir frá æfingunni voru settar á Facebook síður Flugslysaæfinga og má nálgast þær hér;
[Flugslysaæfing í Grímsey 2019](#)

4 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna aðgerðina rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram.



4.1 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum.

Ráðgjafar meta ákveðna þætti út frá verkefnum aðila, hvort að verkefnum sé sinnt eða ákveðnum markmiðum náð. Metið er á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir að verkefni var ekki sinnt, kröfum ekki náð eða markmiðum ekki náð.

4.1.1 Aðgerðastjórn

Ráðgjafi almannavarna, RÓ.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var notast við SÁBF við verkaskiptingu	4
Fengu allir viðeigandi hlutverk	4
Náði AST tímanlega yfirsýn yfir atburðinn	4
Náði AST tímanlega yfir þarfir, aðföng og bjargir	4
Gat AST aflað sér nægjanlegra upplýsinga um ástand og umfang atburðar	4
Gat AST gefið öðrum greinargóða lýsingu á áststandi í sínu umdæmi	4
Lagði AST mat á ástandi með tilliti til hvort frekari aðstoðar væri þörf utan umdæmis	4
Var aðgerðastjóri fljótur að taka stjórn	5
Gaf aðgerðastjóri greinargóð fyrirmæli	4
Náði aðgerðastjóri að hafa yfirsýn	4

Var miðlun upplýsinga með eðlilegum hætti innan AST	4
Voru haldnir stöðufundir	3
Voru verkþættir og undirverkþættir mannaðir með tilliti til umfangs aðgerðarinnar	3
Voru gerð markmið	3
Var hugað að aðgerðalotum	2
Var skráð á viðeigandi hátt í aðgerðagrunn	4
Voru skilmerkileg samskipti við VST	4
Var mönnun AST með viðeigandi hætti, með tilliti til verkþátta, símsvörun og skráninga	3
Var aðbúnaður AST með viðeigandi hætti	5
Var sjúkraflutningur úr umdæmi skipulagður með viðeigandi hætti	4
Voru aðgerðalok skipulögð með viðeigandi hætti	4
Voru samskipti við SST með viðeigandi hætti	4
Var þekking og færni fulltrúa í AST með viðeigandi hætti	4

4.1.2 Vettvangsstjórn

Ráðgjafi almannavarna, FP: Sökum fámennis er vart hægt að setja út á eitt né annað. Hópurinn vann að þeim hlutum sem þurfti á vettvangi að tryggja vettvang, bráðameta og flytja á SSS.

Ráðgjafi SL, HÖG: Þar sem viðbragðsaðilar er mjög svo fámennur hópur er erfitt að ætla þeim að ná strax yfirsýn yfir vettvanginn. Enginn tími eða mannskapur til að skipa að fullu í SÁBF stöður og ekki raunhæft heldur. VST var staðsett við vettvanginn. Í upphafi var ekki mikil samskipti milli verkþáttastjóra þar sem þeir voru m.a. að sinna slökkvi og björgunarstarfi. Ekki var möguleiki hjá VST að nota aðgerðargrunn vegna fámennis. AST sá um skráningu þegar hún var virkjuð og þarf klárlega að sinna þeim verkþætti ef til óhapps kemur í Grímsey.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var yfirsýn yfir atburð náð á viðeigandi tíma	3 - 5
Náði vettvangsstjóri sér í viðeigandi upplýsingar til að meta umfang verkefnis	3 - 4
Gaf VST, AST greinargóða og tímanlega stöðu mála	3 - 4
Var SÁBF notað með viðeigandi hætti í VST	3 - 2
Var skipt í stöður í VST	3 - 2
Voru fyrirmæli vettvangsstjóra skilmerkileg	3 - 3
Varð aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti í VST	3 - 3
Var VST staðsett á viðeigandi stað	3 - 4
Var samræming verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	3 - 4
Var viðeigandi stjórnunarspönn viðhaldið	3 - 4
Voru viðeigandi verkþættir virkjaðir	3 - 4
Var í gert áhættumat eða athygli vakin á aðsteðjandi hættum	2 - 4
Var aðgerðagrunnur notaður á réttan hátt	3 - 2
Var aðgerðaskráning með viðeigandi hætti	2 - 3
Var hugað að markmiðssetningu í áætlanagerð	3 - 3
Voru settar niður aðgerðalotur	1 - 1
Var hörfun skipulögð með viðeigandi hætti	2 - 2

4.1.3 Björgunarstjóri

Ráðgjafi Isavia, AT: Björgunarstjóri ætlaði fyrst ekki að nota reykgrímuna sína en eftir smá spjall gerði hann það enda hluti af öryggisbúnaði starfsmannsins.

Verkbáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Náði björgunarstjóri tímanlegri yfirsýn yfir atburð	5
Náði björgunarstjóri sér í nægar upplýsingar til að meta umfang og stærð atburðar	4
Var björgunarstjóri meðvitaður um aðsteðjandi hættur	4
Var vettvangur tryggður á viðeigandi tíma	5
Voru fyrirmæli björgunarstjóra skýr og skilmerkileg	3
Gekk björgunarstjóra vel að samþætta starf mismunandi bjarga á vettvangi	3
Var tekið á móti hópum og þeir settir í verkefni	3
Var eðlilegri stjórnunarspönn viðhaldið á vettvangi	4
Var staðsetning björgunarstjóra viðunandi	4
Var yfirsýn björgunarstjóra viðeigandi	4
Var gætt að verndun vettvangs og rannsóknarhagsmuna á viðeigandi hátt	3
Var viðeigandi upplýsingum komið til VST um umfang og aðstæður á vettvangi	4
Voru samskipti við VST með viðeigandi hætti	3
Voru samskipti við aðra verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	3
Unnu stjórnendur Isavia og slökkviliðs vel saman	2
Var gerður vettvangsuppráttur af vettvangi	3
Var framkvæmd leit	4

4.1.4 Aðhlyningarstjóri

Ráðgjafi LSH, SGP: Það mátti læra af æfingunni að góð samskipti við aðgerðarstjórn skipta máli, mikilvægt er að fyrsti maður á vettvang lýsi vettvangi vel og áætli hvort fólk sé augljóslega látið, með lífsmarki eða á fótum.

Á æfingunni kom lítið fram um ástand fólks fyrr en bráðaflokkun var lokið.

Hvað varðar utanaðkomandi bjargir (greiningarsveit, lækni, sjúkraflutningsmenn og búnað) þá hafði sá hluti minna vægi á æfingunni, það voru þó tveir hjúkrunarfræðingar á staðnum ásamt vettvangstjóra frá lögreglunni og vönum skyndihjálparamanni frá RKÍ. Tel ég að þau hafi fengið nokkuð góða yfirsýn á sitt hlutverk. Þó svo að það reyndi ekki á þau að fullu þar sem bjargir komu ekki í raunveruleikanum og því ekkert álag á þeim að raða niður sérhæfðum mannskap og búnaði, að búa sjúklinga undir flug og koma þeim í flugvélar.

Það kom vel út að hjúkrunarfræðingarnir unnu tvær saman sem aðhlyningarstjóri (þ.e. þær voru tvær saman og önnur sá algerlega um fjarskipti við aðgerðarstjórn) þó svo þetta hafi verið „lítið slys“ þ.e. bara níu slasaðir sýndi það hve mikilvægt það er að aðhlyningarstjóri sé með aðstoðarmann og ætti það að vera á tékklista aðhlyningarstjóra að fá aðstoð strax.

Þá skiptir máli að í fyrstu hafi aðhlyningarstjóri góð samskipti við vettvangstjórn/björgunstjóra upp á að fá fjölda sjúklinga á slysstað á hreint. Mikilvægt er að tryggja samskipti innan SSS til að halda yfirsýn yfir sjúklinga.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlyningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	5
Gaf aðhlyningarstjóri greinargóða lýsingu á ástandinu til HSB, HVE, AST, SST, VST	4
Voru nægar bjargir við uppsetningu á SSS	3
Gaf aðhlyningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS	4
Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	5
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	4
Var aðhlyningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	5
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	5
Var áverkamat mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var rautt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	4
Var gult svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var ástand mála metið reglulega	4
Voru nauðsynleg aðföng/bjargir tryggð tímanlega	4
Var SSS eðlilega mannað	4
Voru samskipti við starfslíð SSS næg og skilvirk	3
Var upplýsingamiðlun frá SSS skilvirk	5

4.1.5 Fjöldahjálp

Fjöldahjálp var ekki sett upp í æfingunni en heimamenn fengu fræðslu á laugardeginum frá Rauða krossinum hvernig mætti setja upp slíka stöð í félagsheimilinu og gáfu þeim tösku með helsta búnaði sem þarf til að virkja slíka stöð.



4.1.6 Flutningsstjóri

Enginn eiginlegur flutningastjóri var skipaður og því ekki hægt að fylla út matið. Starfsmaður Norlandair sá um praktísk atriði í kringum hliðvörslu, móttöku bjarga og uppsetningu á SSS. Ekki fannst auka tetra handstöð í flugstöðinni en viðkomandi var með láns stöð.

Verkpáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir flutningsstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	4
Var flutningstjóri meðvitaður um hættur og hindranir á flutningsleiðum	5
Var skráning bjarga með viðeigandi hætti	-
Var móttaka bjarga með viðeigandi hætti	4
Var skipulag á MÓT með viðeigandi hætti	-
Var biðsvæði bjarga notað með viðeigandi hætti	-
Voru skipaðir umsjónarmenn yfir biðsvæði sem voru virkjuð	-
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti	-
Voru biðsvæði sett upp á hentugum stöðum	-
Var skipulag flutninga með viðeigandi hætti	-

4.1.7 Gæslustjóri

Sökum smæðar samfélagsins í Grímsey er ekki hægt að manna alla verkþætti SÁBF í vettvangsstjórn (VST) þó svo að aðilar hjálpist að við að framkvæma. Aðilar á SSS og starfsmaður flugfélagsins sáu því um talningu en engar eiginlegar lokanir voru gerðar.

4.1.8 Leikarar og förðun

Aðstaða og allt í tengslum við leikara fyrir æfinguna var til fyrirmyndar.

Átta leikarar tóku þátt, gott að fá eldri leikara sem hjálpar þá bæði þeim og viðbragðsaðilum að sjá allt ferlið, mikil samheldni í öllum og gaman að koma þangað. Vel hugsað fyrir öllu og meðhöndlun leikara góð.

Könnun meðal leikara var gerð en fátt var um svör. Þar kom fram að val hafi verið hugsað um sjúklinga á öllum póstum og ánægja var með hvað vel þessi fámenna sveit heimamanna vann úr þeim vandamálum sem komu upp.

4.1.9 Samantekt frá lögreglu

Flugslysaæfing í Grímsey, 10. -12. maí 2019

Það að halda æfingu er við kemur hamförum eða slysum í Grímsey er talsvert öðruvísi en við flestar aðrar aðstæður hér á landi. Undirbúningur æfingastjórnar sem og viðbragðsaðila er með öðrum hætti og misgóðar samgöngur við eyjuna búa m.a. til nokkra óvissuþætti.

Ekki verður það nú samt af heimamönnum tekið að þeir eru boðnir og búnir að gera allt, og þá meina ég allt, til að æfing sem þessi sé haldin og taka opnum örmum allri þeirri fræðslu sem í boði er.

Sem aðili komandi að undirbúningi þá var ég vel upplýstur um hvernig mál voru að þróast vikurnar fyrir æfinguna en heyrði í samtölum við aðra viðbragðsaðila, s.s. svæðisstjórn og heilbrigðisstofnanir hér á Eyjafjarðar svæðinu að þá skorti upplýsingar sem áttu að skila sér til þeirra í gegnum tengiliði af Höfuðborgarsvæðinu. Efast ég ekki um að menn voru að gera sitt besta en ég tel nauðsynlegt að tryggja eins og hægt er að fulltrúar viðbragðseininga á viðkomandi starfssvæði séu betur upplýstir en nú var.

Ljóst er að þeir sem í Grímsey eru á hverjum tíma eru þær bjargir sem koma að björgunarstörfum ef eitthvað kemur uppá og í samtölum við heimamenn kom fram að það getur verið mjög mismunandi hversu stór hópur það er, veður, sjósókn og árstími skiptir þar miklu máli.

Af því leiðir að uppsetning svona æfingar þarf að vera í takt við umhverfið og var því sett upp mjög sveigjanleg dagskrá og reynt að mæta þörfum og áhuga heimamanna eins og hægt var. Ljóst var fljótt að hver aðili í Grímsey er mikilvægur þegar eitthvað bjátar á og gegna margir mörgum hlutverkum og þá aðallega í slökkviliði annars vegar og björgunarsveitinni hins vegar.

Hin hefðbundna SÁBF mállýska var líka þínu þyrnir í augum sumra sem hafa almennt ekki komið að störfum viðbragðsaðila, eðlilega, öll þessi skilgreindu svæði og stjórar! Það sýndi sig hins vegar þegar í æfinguna kom að þau voru með hugmyndafræðina rétta sem skiptir meginmáli. Verðugt er að velta því upp fyrir sér hvort að hægt sé, og skynsamlegt, að setja upp einhvers konar gátlista með hinni hefðbundnu viðbragðsáætlun til að hjálpa heimafólki að átta sig enn betur á hvað þarf að tryggja að sé gert.

Það kemur líka í hlut þeirra sem eru hinar daglegu bjargir á „uppá landi“ og aðgerðarstjórnar að aðstoða í gegnum fjarskipti eins og hægt er í upphafi mála og veita stuðning.

Í æfingu sem þessari reyna menn að átta sig á öllum þeim möguleikum sem í boði eru til að koma björgum til Grímseyjar, hvort sem það er mannskapur eða annar búnaður. Flugmöguleikar eru ágætir fyrir minni flugvélar og þylur ef flugbrautin er opin og veður leyfir. Samgöngur á sjó eru líka raunhæfur kostur en taka sannarlega lengri tíma. Áætlaður siglingartími björgunarskipisins Sigurvins frá Siglufirði er 2 klst. og Sæfari er 3 klst. frá Dalvík. Ekki veit ég hver siglingartími lóðsins frá Akureyri er né „ribbbáta“ frá Húsavík er. Þess má geta að vegna æfingar þessarar þá komu 3 meðlimir bj.sveitarinnar Súlna á Akureyri á bát sveitarinnar til Grímseyjar. Fóru þeir frá Dalvík og tók siglingin 4 klst til Grímseyjar en einungis 2 klst. heim.

Ekki verður nú sagt að hægt sé að fara fögrum orðum um þann tækjabúnað sem í Grímsey er og er það verulegt umhugsunarefni og snýr það að eiginlega öllum þáttum, slökkviliði, möguleikum til sjúkraflutninga og þá einnig nauðsynlegra lyfja. Í Grímsey er slökkvibíll á flugvellinum í umsjá ISAVIA og einn slökkvibíll í eigu sveitarfélagsins, Akureyrarkaupstaðar. Þá er gamall sjúkrabíll í eyjunni en í honum eru engin lyf, einungis lágmarks búnaður. Þess má geta að einhver vandamál hafa verið með rafmagnið í honum og þurfti m.a. að ýta honum í gang í miðri æfingunni!

Ekki get ég talað af reynslunni en almennt töluðu þeir sem fara fyrir þessum málum í Grímsey að þeir séu orðnir verulega langþreyttir á sinnuleysi ráðamanna að gera gangskör í þessum efnum. Þeir hafi lagt mikið á sig að reyna að fá, þá sérstaklega, umbætur í slökkvibílamálum en lítið orðið ágengt.

Í þeirri viðbragðsáætlun sem í gildi er fyrir „Flugslys á Grímseyjarflugvelli“ segir að hægt sé að senda SMS skeyti í alla GSM síma á eyjunni hverju sinni. Var það reynt í nokkur skipti en var ekki að skila tilætluðum árangri, einstaka maður fékk og ekki var okkur unnt að átta okkur á einhverju munstri í

þeim efnum. Nauðsynlegt að láta fara yfir þau mál með Neyðarlínu en kerfi þetta er mjög sniðugt og hentugt, a.m.k. þegar að virkar.

Á síðustu æfingu kom í ljós fjarskiptavandamál og voru þau af gögnum að sjá tvíþætt. Annars vegar reynslu og þekkingarleysi og hins vegar of fáar TETRA stöðvar á svæðinu en einungis voru þjár handstöðvar til í Grímsey, ISAVIA var með tvær og björgunarsveitin eina.

Í upphafi æfingar þessarar voru Björgunarsveitinni Sæþóri í Grímsey færðar fjórar TETRA stöðvar að gjöf frá Almannavarnanefnd Eyjafjarðar ásamt fylgibúnaði og er vonast til að það auki öryggi þegar á þarf að halda og stuðli enn frekar að því að menn æfi sig í notkun á stöðvunum. Kom strax í ljós á æfingunni að þessi viðbót gerði sitt gagn og voru fjarskipti almennt í fínu lagi.

Æfingin sjálf gekk vel fyrir sig og mjög ánægjulegt að sjá hvað allir voru áhugasamir og gáfu allt sem þeir gátu. Heimafólk fékk að kljást við verkefnin í upphafi og voru í samskiptum við aðgerðarstjórn sem hafði verið virkjuð á Akureyri. Þegar æfingin var komin vel á veg „duttu“ inn í hana vettvangsstjóri frá lögreglunni og aðhlyningarstjóri frá SAK og unnu samhliða heimafólki til enda. Samkvæmt viðbragðsáætluninni hafa Landhelgisgæslan og Björgunarsveitin Strákar á Siglufirði veigamikið hlutverk ef flugslys verður í Grímsey en hvorugur þessara aðila gat komið að æfingunni að þessu sinni.

Ekki verður hjá því komist að nefna sérstaklega þjónustulund heimafólks. Frá því að við lentum í Grímsey eftir hádegi á föstudegi og þar til að við héldum til baka á sunnudegi vorum við nánast borin um á „gullstólum“ sem vart verður leikið eftir á öðrum stöðum.

Fyrir hönd embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra þakka ég fyrir að hafa getað komið að æfingu þessari og efast ég ekki um að hún skilar árangursríku samstarfi í framtíðinni.

Hermann Karlsson, Aðalvarðstjóri - LSNE

4.2 Rýnifundur að lokinni æfingu

Að lokinni æfingu komu þátttakendur æfingarinnar saman í félagsheimilinu og fengu ljúffenga súpu og farið var yfir stuttar samantektir frá stjórnendum æfingar og verkþáttastjórum og æfingu slitið.

Rýni var einnig send út rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

4.3 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum viðbragðsaðila að gera slíkt.

4.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Alls tóku átta manns þátt í rafrænni rýni.

Hvaða viðbragðsaðila tilheyrir þú?

- 1 AST

- 1 VST
- 2 Lögreglan
- 1 Heilbrigðisþjónusta
- 1 Flugrekandi
- 2 Annað

4.3.2 Það sem vel var gert

4.3.2.1 Undirbúningur æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Unnið var að því að samræma viðbragðsáætlanir á Eyjafjarðarsvæðinu (Lögregla, SAK og HSN)	Allir
Finn undirbúningur. Nauðsynlegt að vera nokkuð vel að sér um áætlunina.	Æfingastjórn
Allt.	Allir
Mér fannst allt ganga mjög vel. Allt útskýrt vel fyrir okkur.	Æfingastjórn
Undirbúningur gekk vel í heild og fékk fólk bæði bóklega og verklega kennslu. Fræðslan var almenn og ekki of fræðlileg sem mér fannst flott. Fyrirlesararnir voru góðir og kunnu sitt fag, áttu auðvelt með að miðla upplýsingum.	Æfingastjórn

4.3.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
TETRA samskipti að mestu skýr – aðhlyningarstjóri til staðar sem liður í að allir verkþáttastjórar væru á svæðinu.	SAK
Menn voru flestir klárir á sínum hlutverkum. Aðstaðan í AST til fyrirmyndar. Frábært að hafa myndavél á vettvangi með lifandi útsendingu. Góður lærdómur í því fyrir AST að finna flutningstæki og forgangsraða fyrstu björgum á þau. Fjarskipti gengum ágætlega og var nóg að notast við Blár 6-0 (að því gefnu að AST og SST væru á sér talhóp og fulltrúar SAK og aðhlyningarstjóri á sér talhóp).	Aðgerðastjórn
Mjög ánægð með þetta allt saman. Hristir okkur saman og er meðvitaðri um hver minn tilgangur er.	Allir
Hún gekk vel en við hefðum viljað fara fyrr út á slysstað [s.s. heimamenn í aðhlyningu slasaðra).	Heimamenn
Flugvallarstarfsmaður leysti ýmis verkefni s.s. móttöku bjarga, gæslu á hliði og uppsetningu SSS. RöggSAMUR og fljótur að sjá út vandamál tímanlega.	Flugfélag
Annars gekk æfingin vel og heimamenn greinilega þakklátir fyrir tækifærið til þess að bæta sig.	Heimamenn
Það sem gekk vel var að fólk tók því hlutverki sem það fékk og leysti það með sóma. Náðum að keyra æfinguna á einum talhóp sem var mjög gott. Öll samskipti voru góð, stutt og hnitmiðuð og enginn óþarfa samskipti voru í talstöðinni svo verkþáttastjórar áttu greiða leið hvor að öðrum.	Allir

4.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

4.3.3.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnipunktur	Eigandi
Undirbúningstími allt of stuttur og upplýsingagjöf mjög takmörkuð sem leiddi til að mikil óvissa ríkti um umfang og form æfingarinnar. Hafði áhrif á þátttöku SAK.	Æfingastjórn
Kannski að fá lengri tíma í kennslu í bráðaflokkun en það lærir meira og meira með hverju skipti sem svona æfing er haldin.	Æfingastjórn
Það hefði mátt eyða meiri tíma í bráðaflokkunina. Hún skiptir máli til að vita hvaða aðföng við þurfum frá landi. Fyrir fólk sem ekki vinnur með bráðaflokkun dags daglega er hún flókin að læra á stuttum tíma og því þarf að fara vel í að.	

4.3.3.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Eigandi
Tímasetning raskaðist, samskipti aðhlyningarstjóra voru mjög takmörkuð við viðbragðsstjórn og fóru að mestu í gegnum aðgerðastjórn – öfugt við það sem áður hefur verið.	Aðgerðastjórn SAK
Það var ljóst að það var býsna ofhlaðið hlutverk að vera bæði björgunarstjóri og vettvangsstjóri eins og slökkviliðsmaðurinn þurfti að vera í upphafi. Kom niður á fjarskiptum og upplýsingastreymi sem voru af skortnum skammti framan af æfingunni. Fulltrúum heilbrigðisgeirans í AST fannst gerð óeðlileg krafa til þeirra um að forgangsraða sjúklingum úr SSS í flugvélar. Fannst það heima í SSS. Nokkurn tíma tók að undirbúa sjúklinga til flutnings í SSS, þar sem vantaði fleiri hendur til að klára verkið. Á meðan stóðu flugvélar ónotaðar. Gott hefði verið að fá tölur og bráðflokun fyrr en raun varð. Hugsanlega hefðu aðilar í AST mátt vera aðeins meira „proactive“ – mátt sýna meira frumkvæði. Þá hefði verið gott ef LHG hefði tekið þátt, sem og björgunarskipið í Siglufirði.	Aðgerðastjórn Björgunarstjóri SAK LHG SL
T.d. að sá sem forgangsflokkaði átti að vera með talstöð. Fleiri bílar til flutninga á slysavettvang.	Viðbragðsaðilar í Grímsey
Hefðum mátt byrja fyrr að flytja fólk af slyssað en vorum svo að fá að greining gekk fyrir, gleymum að hugsa þá sem gátu labbað.	Viðbragðsaðilar í Grímsey
SMS Boðun var áfátt en vonandi orðin eins góð og hún getur orðið.	Almannavarnir
SMS í tetrastöðvarnar kom á óvart og virkaði truflandi á þátttakendur.	Æfingastjórn
Það vantaði auka handstöð í flugstöðinni svo starfsmaður flugfélags gæti fylgst með og verið í samskiptum við vettvang/bjargir á leiðinni.	Isavia Flugfélag
Turn gleymdi að upplýsa starfsmann flugfélags um flugatvik, þegar hann rauk út - líklega æfingalegs eðlis.	Isavia
Traktor í skýli teppti aðstöðu á SSS en sérstaka þjálfun þarf til þess að ná honum út. [ekki hægt að gera úrbætur en starfsmaður tekur hann út um leið og tækifæri gefst].	Isavia

Börur úr sjúkrabíl stóðu oft á sér og virkuðu ótraustar.	Slökkvilið Akureyrar
Teppi og börur fundust í flugvallarbyggingunni þegar nokkuð var liðið á æfingu. Spurning hvort þurfi að skipuleggja betur í kompu?	Isavia Flugfélag
Hefði mátt skipuleggja betur aðstöðu sjúkragagna á SSS þegar SAK kom. Lítið unnið með sjúkrabúnaðinn sem var þó til - líklega æfingalegs eðlis.	SAK Heimamenn
Ákveðið var að hafa grænt SSS í flugvallarbyggingunni en hina í skýlinu - dálítið langt á milli svæða og erfitt að hafa yfirsýn.	SAK Heimamenn Isavia
Vonandi verður hægt að peppa upp meiri áhuga og þekkingu, bæta búnað þvert á viðbragðsaðila og ekki síst halda eyjunni í byggð :)	Allir
Hin hefðbundna SÁBF mállýska var líka þínu þyrnir í augum sumra sem hafa almennt ekki komið að störfum viðbragðsaðila, eðlilega, öll þessi skilgreindu svæði og stjórar! Það sýndi sig hins vegar þegar í æfinguna kom að þau voru með hugmyndafræðina rétta sem skiptir meginmáli. Verðugt er að velta því upp fyrir sér hvort að hægt sé, og skynsamlegt, að setja upp einhvers konar gátlista með hinni hefðbundnu viðbragðsáætlun til að hjálpa heimafólki að átta sig enn betur á hvað þarf að tryggja að sé gert.	Slökkvilið Akureyrar SL SAK Aðgerðastjórn Isavia Flugfélag
Ekki verður nú sagt að hægt sé að fara fögrum orðum um þann tækjabúnað sem í Grímsey er og er það verulegt umhugsunarefni og snýr það að eiginlega öllum þáttum, slökkviliði, möguleikum til sjúkraflutninga og þá einnig nauðsynlegra lyfja. Í Grímsey er slökkvibíll á flugvellinum í umsjá ISAVIA og einn slökkvibíll í eigu sveitarfélagsins, Akureyrarkaupstaðar. Þá er gamall sjúkrabíll í eyjunni en í honum eru engin lyf, einungis lágmarks búnaður. Þess má geta að einhver vandamál hafa verið með rafmagnið í honum og þurfti m.a. að ýta honum í gang í miðri æfingunni!	Akureyrarkaupstaður Slökkvilið Akureyrar
Í þeirri viðbragðsáætlun sem í gildi er fyrir „Flugslys á Grímseyjarflugvelli“ segir að hægt sé að senda SMS skeyti í alla GSM síma á eyjunni hverju sinni. Var það reynt í nokkur skipti en var ekki að skila tilætluðum árangri, einstaka maður fékk og ekki var okkur unnt að átta okkur á einhverju munstri í þeim efnum. Nauðsynlegt að láta fara yfir þau mál með Neyðarlínu en kerfi þetta er mjög sniðugt og hentugt, a.m.k. þegar að virkar.	Almannavarnir
Bráðaflokkunin (Erfitt reyndist að gefa tölur áfram til AST, þar sem ég hafði litlar upplýsingar.) Flestir voru í björguninni þar sem það vantaði meiri mannskap í björgunina og því var minni yfirsýn og fékk ég þ.a.l. litlar upplýsingar til að gefa áfram til AST. Aðhlyningarstjóri var farinn að sjá um talninguna og því var mikið að gera hjá henni, en fulltrúi hennar sem hún hafði skipað til verksins þurfti að fara í annað verkefni. (Engu að síður frábærlega leyst hjá aðhlyningarstjóranum). Búnaðurinn í sjúkrabifreiðinni þurfti uppfærslu, og lentu þeir í smá veseni með börurnar en það leystist allt.	SAK Slökkvilið Akureyrar

4.3.3.3 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 9,0 af 10.

4.3.4 Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?

Rýnipunktur	Eigandi
Æfingin gekk í heild sinni mjög vel. Frábært að sjá hvað íbúar eyjunnar eru tilbúnir og taka að sér öll verkefni og leysa þau með sóma. Gaman væri að virkja fleiri íbúa til þátttöku í næstu æfingu. Við erum ánægð með að okkar fulltrúa í eyjunni (íbúana). Kvenfélagskonurnar og aðrir í eyjunni eiga hrós skilið fyrir góðar móttökur. RKÍ fékk fulltrúa af svæðinu til að ganga til liðs við sig og erum við ánægð með það.	Allir
Mest gagnlegt fyrir „local“ aðila og þá sem voru að byrja – minna gagnleg fyrir okkur í viðbragðsstjórn SAK.	SAK
Aðstæður í Grímsey valda því að viðbrögð við stórslysi verða alltaf að vera „fljótandi“ og byggjast á því viðbragði og mannafla sem er í eyjunni hverju sinni. Ljóst að það mun reyna meira á AST en ella, meðan verið er að koma björgum í eyjuna. Hugsanlega væri gott fyrir aðgerðarstjóra að vera með gátlista um hvað viðbragðsaðilar ættu að fara með fyrstu og annarri ferð. Frábært að sjá hversu jákvæðir og áhugasamir Grímseyjingar voru 😊	Allir Aðgerðastjórn Heimamenn
Bestu þakkir fyrir að koma og sinna okkur. Ómetanlegt að vita af ykkur á hinum endanum. Þið eigið öll miklar þakkir skyldar fyrir að koma og gera þetta.	Allir
Hefði vilja sjá fund daginn eftir æfingu, var mikið hugsi á laugardagskvöldið, eitthvað sem mér datt ekki í hug á laugardeginum. Alls konar spurningar sem koma upp þegar maður er búinn að velta þessu fyrir sér. Eins hefði mér fundist að það mætti fara yfir flokkunina, hvað var rétt, hvað var rangt og af hverju?	Æfingastjórn
Takk fyrir góða æfingu.	Allir